

Sþ.

595. Frumvarp

til fjáráukalaga fyrir árið 1933.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir 1933, eru veittar samkv. 2.—10. gr. hér á eftir kr. 136933.14.

	Kr.	Kr.
2. gr.		
Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt: Bókhaldsvél handa ríkisbókhaldinu		3597.68
3. gr.		
Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt: Styrkir til læknisvitjana (endurv.)		2150.00
4. gr.		
Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:		
1. Styrkur til bryggjugerðar á Hofsósi (endurv.) ..	401.06	
2. Vitavarðarbústaður á Garðsskaga	914.08	
	<hr/>	1315.14
5. gr.		
Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt: Finnbogi R. Valdimarsson: Styrkur til þjóðréttar- náms		1000.00
6. gr.		
Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:		
1. Til fræðafélagsins: Styrkur (endurv.)	2000.00	
2. Aðgerð á Hólakirkju	1200.00	
	<hr/>	3200.00
7. gr.		
Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:		
1. Hans Magnússon, vegna friðunar Þingvalla	2000.00	
2. Til Ungmennafél. Íslands, til eflingar íþrótta og skógræðslu (endurv.)	2000.00	
3. Fyrirhleðsla á Héraðsvötnum	3500.00	
4. Fyrir einkaréttarnotkun á finnskri votheysgerð ..	1157.00	
	<hr/>	8657.00
	Flyt	19919.82

	Kr.	Kr.
Flutt		19919.82
8. gr.		
Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:		
Til Rauðakrossdeildar á Akureyri (endurv.)		500.00
9. gr.		
Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:		
1. Eftirlaun Kristínar Jakobsdóttur, ekkju Einars prófasts Jónssonar	466.67	
2. Styrkur til Halldórs Þórðarsonar	187.50	
	-----	654.17
10. gr.		
Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:		
1. Greitt Landmandsbanken vegna sildareinka- sölnunnar	112050.00	
2. Leiga fyrir flugvöll handa Hollendingum	3809.15	
	-----	115859.15
	-----	136933.14
	-----	-----
	Samtals	136933.14

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um 2. gr.

Vegna breytinga á bókhaldi rikissjóðs þótti nauðsynlegt að kaupa vél þessa, enda léttir vélin reikningsfærsluna og gerir hana auðveldari til yfirlits.

Um 4. gr.

Þessar fjárhæðir eru greiðslur vegna framkvæmda, sem þurfti að ljúka, en ekkert fé hafði verið veitt til á árinu.

Um 6. gr.

Nokkur undanfarin ár hefir verið veitt fé til aðgerðar Hólakirkju, en var nú fellt burt af fjárlögum. Aðgerðinni var ekki lokið, og varð ekki hjá því komizt að halda henni áfram.

Um 7. gr.

1. Vegna legu Þingvallahjáleigunnar Arnarfells þótti ekki annað tiltækilegt við brottför Hans Magnússonar þaðan árið 1933 en að taka jörðina úr venju-
legri ábúð vegna friðunar Þingvalla. Varð þá að kaupa af manni þessum
hús og önnur mannvirki, er hann átti á jörðinni. Verðið var kr. 5100.00,
þar af greiddi kirkjujarðasjóður kr. 3100.00 og rikissjóður kr. 2000.00.
3. Fyrirhleðsla þessi er gerð til þess að varna því, að Héraðsvötn breyti far-
vegi sínum, en þá liggur mikið land undir skemmdum. Gert er ráð fyrir, að
allur kostnaður verði um kr. 16000.00, þar af hefir verið greitt úr rikissjóði
á árinu 1934 kr. 9000.00.

4. Árni Eylands fór á vegum áburðareinkasölnunnar, Sambands ísl. samvinnufélaga og Búnaðarfélags Íslands til að kynna sér finnska votheysgerð, hina svo kölluðu A. I. V. votheysgerðaraðferð, og keypti réttinn til að nota hana hér á landi fyrir sænskar kr. 6000.00. Greiddi hver aðili 2000.00 sænskar krónur í tvennu lagi; er þetta síðari greiðsla.

Um 10. gr.

1. Ríkissjóður er í ábyrgð fyrir skuld sildareinkasölnunnar við Landmandsbanken. Fjárhæð þessi er fyrsta afborgun af skuldinni.
2. Ríkisstjórnin leigði flugvöll fyrir hollenzku veðurfræðingana, sem hér voru við rannsóknir árin 1932 og 1933. Fjárhæð þessi var ákveðin af matsmönnum til greiðslu kostnaðar af því að gera við skemmdir, sem orðið höfðu á landinu, og skaðabóta vegna taps á hefyng.